

við frv. til laga um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 17. gr. 1. mgr. orðist svo:

Í hlutafélagi skulu vera fimm hluthafar hið fæsta, sbr. 114. gr.

2. Við 39. gr. Greinin orðist svo:

Hluthafafundur getur ákveðið með þeim meirihluta atkvæða, sem krafist er til breytinga á samþykktum, að félagið taki skuldabréfalán, er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því. Slíkt lán má ekki nema hærri fjárhæð en helmingi hlutafjárins eins og það er á þeim tíma, þegar ákvörðun er tekin.

Í samþykkt hluthafafundar samkvæmt 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins, ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin út ný breytanleg skuldabréf, félagi slitið, þ. á m. með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 27.—29. gr., 1.—5. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. og 31. gr.

Í samþykkt samkvæmt 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð, sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Í heimildinni skal taka fram um þau efni, sem greinir í 2. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

Ef fjárhæð sú, sem greidd er fyrir skuldabréf, er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta, sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum, má breytingin því aðeins fara fram, að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsum eigin fé þess.

3. Við 47. gr. Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, er verði 3. og 4. mgr., svo hljóðandi:

Ákveða má í félagssamþykktum, að stjórnendur skuli kosnir hlutfalls- eða margfeldiskosningu. Við margfeldiskosningu er gildi hvers atkvæðis í félaginu margfaldað með tölu þeirra manna, sem kjósa á, en síðan má hluthafi verja öllu atkvæðamagni sínu, hvort sem er á jafnmarga menn eða færri en kjósa skal. Ef t. d. aðeins einum manni er greitt atkvæði, er kjósa skal fimm manna stjórn, hefur hver hlutur fimmfalt atkvæðagildi.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{4}$ hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

4. Við 65. gr. Aftan við 1. mgr. bætist ný mgr., er verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Í félagssamþykktum má ákveða, að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.